

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 6. apríl 2016
UST201603-125/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir flugvöll í Skaftafelli, Freysnesi.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Hornafjarðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi flugvallar við Skaftafell.

Markmiðið er að gera deiliskipulag fyrir flugvöllinn og mannvirki tengd rekstri hans. Gert er ráð fyrir sex lóðum á svæðinu, einni lóð fyrir þjónustuhús, tveimurlóðum fyrir hús fyrir starfsmannaðstöðu, þremur lóðum fyrir flugskýli og flugvelli, þyrlupalli, aðkomuvegi og bílastæðum.

Skipulagssvæðið

Áætlað deiliskipulag nær yfir 1449911 m² af óbyggðu svæði úr landi Freysnes. Flugvöllur hefur verið staðsettur á svæðinu frá 1984. Frá 1997 hafa flugbrautir verið tvær.

Fjarlægðir

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fjarlægðir séu sýndar á væntanlegum deiliskiplagsupprætti s.s. fjarlægðir framkvæmda frá Skaftafellsá, fjarlægðir flugbrautarenda frá þjóðvegi eitt o.þ.h..

Rotþrær

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að setja tvær rotþrær fyrir svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að rotþrær skulu vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur skólp.

Sjónræn áhrif


Í deiliskipulagi þarf að koma skyrt fram hver eru áætluð sjónræn áhrif af áætluðum byggingum. Stofnunin bendir á að framkvæmdasvæðið er á flötum árframburði og hæstu byggingar 8,5 m háar og því koma framkvæmdir til með að vera áberandi í umhverfinu. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að við gerð deiliskipulags sé hugað vel að staðsetningu og litavali áætlaðra bygginga.


Hönnun mannvirkja

Í lýsingu kemur fram að áætlaðar framkvæmdir við flugvöll og tengdar byggingar koma til með að rísa á stað nærrí þjóðvegi 1, og koma til með að verða á leið þeirra sem heimsækja náttúruminjasvæðið Skaftafell. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að vanda allar framkvæmdir/byggingar þar sem þær koma til með að vera áberandi í umhverfinu. Stofnunin bendir á að í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, kemur eftirfarandi fram í gr. 69 um hönnun mannvirkja: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að viðmóti lands.*“

Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi Hornafjarðar er gert ráð fyrir breytingu á legu þjóðvegar 1 við skipulagssvæðið. Ef af áætlaðri breytu á þjóðvegi 1 verður, mun þjóðvegurinn liggja sunnan við flugvöllinn. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti sú mögulega breyting að koma fram svo samræmi væri milli aðalskipulags sveitarfélagsins og áætlaðs deiliskipulags.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur